

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um tölvupósta borgarstjóra vegna Nauthólsvegar 100

Á fundi borgarráðs þann 31. janúar 2019 lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í viðtali við DV þann 20. desember 2018 var borgarstjóri spurður að því hvort farið hefði verið yfir tölvupósta borgarstjóra og hann sagði svo vera en haft var eftir honum orðrétt: „Það hefur verið farið yfir þá. Og það sem hefur áður hefur komið fram í þessu er að ég fékk ekki upplýsingar og borgarráð fékk ekki upplýsinga og skýrslan staðfestir þá niðurstöðu.“ Þrátt fyrir þessi orð borgarstjóra kemur fram í skýrslunni að innri endurskoðandi hafi eingöngu skoðað fyrirliggjandi gögn í tölvupóstum tveggja starfsmanna sem komu að framkvæmdinni en orðrétt segir í skýrslunni: „Skoðuð voru fyrirliggjandi gögn í tölvupósthólfum tveggja starfsmanna sem komu að framkvæmdunum (Sjá bls. 2).“ Með hliðsjón af framanrituðu er óskað eftir upplýsingum um hvers vegna svör borgarstjóra í DV eru á skjön við upplýsingar frá innri endurskoðun. Óskað er eftir skriflegu svari frá borgarstjóra sjálfum.

Svar:

Viðtalið sem vísað er til var tekið daginn sem skýrsla innri endurskoðunar var kynnt og tók óneitanlega mið af því að blaðamaður DV taldi fréttir blaðsins um að öllum tölvupóstum skrifstofustjóra eigna og atvinnuþróunar hafi verið eytt vera réttar. Sem kunnugt er reyndist það ekki vera og náði skoðun innri endurskoðunar til tölvupósthólfs skrifstofustjórans og verkefnisstjóra verkefnisins, þar með talið til tölvupóstsamskipta við borgarstjóra og aðra frá september 2017 og fram á árið 2018 þegar framúrkeyrslan átti sér stað. Sá hluti viðtalsins sem vísað er til var eftirfarandi, orðrétt:

Blaðamaður DV: „Vorur sérstaklega skoðaðir tölvupóstar Hrólfs eins og DV birti þá var þeim öllum eytt eftir að hann yfirgaf...“

Borgarstjóri: „Já það var farið yfir...“

Blaðamaður DV: „...Vorur þínir tölvupóstar skoðaðir?“

Borgarstjóri: „Það hefur verið farið yfir þá og það sem áður hefur komið fram í þessu er að ég fékk ekki upplýsingar og borgarráð fékk ekki upplýsingar. Skýrslan staðfestir þá niðurstöðu.“

Blaðamaður DV: „Þannig að það var ekki hægt að skoða þá tölvupósta í skýrslunni.“

Borgarstjóri: „Tölvupóstar sem eru ekki sendir er auðvitað ekki hægt að skoða og ég fékk engan tölvupóst um...“

Blaðamaður DV: „og þú fékkst engan tölvupóst...“

Borgarstjóri: „Nei nei.“

Blaðamaður DV: „Og það er ekkert hægt að skoða þessa eyddu tölvupósta frá Hrólfi.“

Borgarstjóri: „Það kemur fram umfjöllun um þetta í skýrslunni.“

Blaðamaður DV: „Ókei, þá svona að lokum...“

Í kjölfar þess að málefni Nauthólsvegur 100 komust í hámmæli fór borgarstjóri yfir öll gögn og samskipti varðandi verkefnið og aftur í aðdraganda viðtals við innri endurskoðun vegna undirbúnings skýrslu hennar. Borgarstjóri var að vísa til þessa í ofangreindu viðtali. Hins vegar liggur einnig fyrir í málinu að innri endurskoðun hafði tölvupóstsamskipti milli skrifstofustjóra eigna og atvinnuþróunar og allra þeirra sem hann var í tölvupóstsamskiptum við, þar með talið borgarstjóra til skoðunar en bæði inn og úthólf skrifstofustjórans voru skoðuð frá því tímabili sem framkvæmdin við Nauthólsveg 100 fór fram úr áætlun.

Sem hluta af rannsókn sinni tók innri endurskoðun afrit af tölvupósthólfum þeirra sem ábyrgð báru á verkefninu við Nauthólsveg: verkefnisstjóra þess og skrifstofustjóra eigna og atvinnuþróunar. Innri endurskoðun hefur tekið saman sérstakt minnisblað um athugun sína á tölvupóstum, dagsett 17. janúar 2019. Tölvupóstar skrifstofustjórans, inn- og úthólf, liggja fyrir á öllu því tímabil sem framúrkeyrslan í verkefninu varð, þar með talin samskipti við borgarstjóra, borgarritara og aðra. Í skýrslu innri endurskoðunar segir: „Í tölvupóstum skrifstofustjórans fundust engin póstsamskipti skrifstofustjóra og borgarstjóra þar sem Nauthólsvegur 100 var nefndur.“

Dagur B. Eggertsson